

LÖG

um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (rafræn námsgögn o.fl.).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólameistara, annarra faglegra stjórnenda og náms- og starfsráðgjafa.

2. gr.

H-liður 1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: að kennsla fari fram í skólahúsnæði sem uppfyllir lög og reglugerðir þar að lútandi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra gefur út reglugerð um starfstíma framhaldsskóla.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Námseiningar og starfstími*.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „og efnisgjalds“ í 1. málsl. 1. mgr. og sömu orða í 2. mgr. kemur: efnisgjalds og gjalds fyrir rafrænt námsefni.
- b. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Heimilt er í tilraunaskyni með sérstöku leyfi ráðherra að innheimta gjald fyrir rafrænt námsefni sem framhaldsskólar ákveða og er veigamikill hluti af námsefni í námsáfanga á skráðri námsbraut viðkomandi nemenda eða í áfanga sem þeir hafa ákveðið að stunda sem valgrein.

5. gr.

Í stað orðsins „endurgjalds“ í 3. málsl. 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: kvaða eða gjalda.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. febrúar 2015.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Einar K. Guðfinnsson. Markús Sigurbjörnsson.
(L. S.)

Illugi Gunnarsson.